

1242. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 11. janúar 2023, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Fríða Thoroddsen, Jón Steinar Brynjarsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi voru: Helga Ingólfssdóttir, Sigurður Sigfússon og Arnþór Sigurðsson varamaður.

Gestur fundarins var Sigmundur Halldórsson, sérfræðingur hjá VR og starfsmaður Landssambands ísl. verzlunarmanna.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, setti fund og bauð fundarfólk velkomið.

Lögð var til breyting dagskrá fundar, bætt var inn lið nr. 6 Styrkur til Pieta samtakanna og lið nr. 7 Skipun í kjörstjórn VR.

Samþykkt. Aðrir dagskrárlíðir færðust til sem þessu nemur.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1241. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1141. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Kjaramál – staðan

- Niðurstaða úr kosningum um kjarasamninga
- Komandi kjaraviðræður
- Varnir gegn verðbólgu
- Rýni stjórnar á kjarasamningaviðræður síðasta samnings

Ragnar Þór sagði niðurstöðu kosninga um kjarasamning afgerandi og jákvæða. Metþátttaka hafi verið í kosningunum, hátt í tíu þúsund eða rétt tæplega 25% tóku þátt í kosningum um SA samninginn og um 31% um FA samninginn.



Bjarni Þór Sigurðsson mætir hér til fundar kl. 17:40.

Ragnar Þór sagði frá því að vinna við bókanir vegna komandi kjarasamnings stæði yfir og að dagsett áætlun fyrir vinnu við aðra þætti lægi fyrir. Þann 19. janúar hefjast umræður um starfsmenntamálin og svo koll af kolli. Dagskráin var birt í kjarasamningnum eftir undirritun og má finna á vef VR.

Ragnar sagði að nefnd um varnir gegn verðbólgu færi af stað fljótlega en í henni sitji hann sjálfur ásamt Kristjáni Þórði Snæbjarnarsyni frá Rafiðnaðarsambandinu fyrir hönd verkálýðshreyfingarinnar og Halldóri Benjamín Þorbergssyni og Eyjólfí Árna Rafnssyni fyrir hönd Samtaka atvinnulífsins.

Haldinn verður vinnufundur / rýnifundur stjórnar um ferlið við mótun kröfugerðar og ferli samningaviðræðna þann 17. janúar næstkomandi.

Umræður

3. Erlent samstarf, fundur LÍV hjá Uni Commerce í Atlanta í desember

Fyrir fundinum lá skjalið „UNI Commerce Global Conference Atlanta 2022“ til kynningar.

Sigmundur Halldórsson, sérfræðingur VR og starfsmaður Landssambands ísl. verzlunarmanna (LIV), fór á glærum yfir helstu niðurstöðu þings Uni Commerce í Bandaríkjunum í desember 2022.

Sigmundur fór yfir markmið og tilgang alþjóðasamstarfs LIV sem á sér langa sögu. LÍV á beina eða óbeina aðild að norrænu samstarfi og UNI Global Union sem eru alþjóðleg samtök stéttarfélaganna með um tvær milljónir meðlima. Þá á LÍV aðild að fjölmörgum öðrum alþjóðlegum samtökum og stofnunum, t.d. ITUC þar sem er um ein milljón meðlima og ILO sem er ein af stofnunum Sameinuðu þjóðanna. Sigmundur benti á að alþjóðasamstarfið væri afar mikilvægt til að efla tengsl okkar við systurfélög víða um heim og upplýsa um stöðu okkar í alþjóðlegum samhengi.

Þing Uni Commerce er haldið á 4ra ára fresti og var nú haldið í Bandaríkjunum. Þar var meðal annars kosið til forystu samtakanna en forseti þess er alltaf frá Bandaríkjunum en varaforseti frá Norðurlöndunum, nú gegnir því embætti formaður Handel frá Svíþjóð.

Uni Commerce hefur unnið markvisst gegn ofbeldi gegn verslunarfólki og er 17 nóvember ár hvert helgaður því. Málefnavinna á þinginu tók mið af þessu. Ofbeldi gegn verslunarfólki er vaxandi vandamál og fór Sigmundur yfir nokkuð af því sem rætt var á þinginu. Heimsfaraldur hefur átt sinn þátt í því að þetta er að aukast sem og aukin skautun í samfélaginu og minnkandi virðing fyrir störfum verslunarfólks. Það hefur sýnt sig að þríhliða samstarf stéttarfélaganna, atvinnurekenda og stjórnvalda þarf til að ná árangri.

Sigmundur fór jafnframt yfir mikilvægi þess að fyrirtæki átti sig á skyldu sinni varðandi mannréttindi starfsfólks og að það nái jafnframt til birgja og framleiðenda vöru og þjónustu sem fyrirtækin eigi í samstarfi við. Hann fjallaði m.a. um Bangladesh

samninginn sem er alþjóðlegur og lagalega bindandi samningur um að gera fata- og textílverksmiðjur öruggar. Hann hefur verið staðfestur af 186 fyrirtækjum í dag. Spurningar vakna um virðisbætur hjá þeim fyrirtækjum sem ekki hafa staðfest samninginn og eru e.t.v. ekki meðvituð um hann, þar á meðal hér á landi.

Umræður

4. Skipting félagsgjalds VR

Fyrir fundinum lá skjalið „Félagsgjald VR skipting“ til kynningar.

Að ósk stjórnarmannsins Bjarna Þórs Sigurðssonar fór Stefán Sveinbjörnsson yfir hvernig félagsgjaldi er skipt.

Stefán benti á að rekstur og þjónusta félagsins kæmi úr félagssjóði, Sjúkrasjóði, Orlofssjóði og Starfsmenntasjóðum sem væru ekki hluti af VR en félagið reki samkvæmt samningi.

Meginstarfsemi er rekin á félagsgjaldi, að sögn Stefáns, sem stendur vel undir því. Stefán sagði frá því að árið 2007 hafi gjaldið verið lækkað úr 1% í 0,7% og væri félagið með lægra félagsgjald en flest önnur. Skipting félagsgjalds er í helstu atriðum þannig að í sjóði félagsins, Vinnudeilusjóð og VR varasjóð, og til starfmenntamála fara 26%, aðildargjöld til samtaka innanlands og utan eru 11%, um 12% fara í félags- og útbreiðslumál og um 35% í skrifstofu- og stjórnunarkostnað. Rekstrarafgangur án afskrifta er um 17%.

Staða félagssjóð undanfarin ár hefur verið erfið, sagði Stefán, en sjóðurinn hefur staðið undir innleggi Sjúkrasjóðs VR í VR varasjóð vegna erfiðrar stöðu síðarnefnda sjóðsins. Það sé hins vegar rými í sjóðnum til að standa undir slíku.

Umræður.

5. Fjárfestingastefna VR

Fyrir fundinum lá skjalið „Fjárfestingastefna eignastýringasafna VR desember 2021.“

Stefán Sveinbjörnsson fór yfir stefnu félagsins hvað varðar verðbréfaeign og stöðuna í árslok 2020 og 2021. Gerð var breyting á fjárfestingastefnu félagsins í nóvember 2021 og dregið úr vægi hlutabréf og erlendra eigna. Stefán benti á að ávöxtun 2015-2022 hafi verið best í hlutabréfum en umtalsvert minni í skuldabréfum.

Umræður

Ragnar Þór sagði að loknum umræðum stefnt að því að fá fulltrúa frá Íslandsbanka til að fara yfir stefnuna á fundi stjórnar í apríl.

Ragnar Þór lagði fyrir stjórn að fjárfestingastefna félagsins yrði óbreytt að sinni og það falli í hlut nýrrar stjórnar að skoða hvort ástæða sé til að gera breytingar.

Samþykkt.



Lagt var fyrir stjórn að fá utanaðkomandi ráðgjafa til að skoða safnið og áhættuþætti þess.

Samþykkt.

6. Styrkur til Pieta samtakanna

Fyrir fundinum lágu skjölin „PIETA tillaga aða rannsókn ósk um styrk“ og „Skýrsla _ Sjálfsvígshugsanir og sjálfsvígstilraunir meðal íslenskra ungmenna Sept 2018“ til kynningar.

Ragnar Þór fjallað um samstarfsverkefni VR og Pieta samtakanna sem felur í sér rannsókn og greiningu á gögnum samtakanna og er ætlað að vera lóð á vogarskálar aukinnar þekkingar og umræðu um sjálfsvíg og sjálfsvígstilraunir. Þjóðfélagsumræða um þann skelfilega vanda sem sjálfsvíg eru hefur breyst og verið opnari síðustu ár en áður. Er þar ekki síst að þakka Pieta samtökunum, sem lyft hafa grettistaki í því að opna umræðu um sjálfsvíg, í þeim tilgangi að skilja, spá fyrir um og fyrirbyggja þau.

Ragnar Þór lagði til að VR styrki rannsóknarverkefni samtakanna um 6 m.kr.

Samþykkt samhljóða.

7. Tillaga um kjörstjórn

Fyrir fundinum lá skjalið „Skipun í kjörstjórn VR 2023 minnisblað“ til samþykktar.

Stefán Sveinbjörnsson sagði VR síðustu ár hafa skipað kjörstjórn til eins árs í senn.

Hann lagði fram tillögu um að skipa kjörstjórn VR til tveggja ára í senn.

Samþykkt samhljóða.

Aðalmenn í kjörstjórn voru skipaðir á fundi stjórnarinnar í desember. Lögð er fram tillaga um að skipa eftirtalda sem varamenn:

Stefán Viðar Egilsson
Silja Hlín Guðbjörnsdóttir

Samþykkt samhljóða.

Stefán benti á að fulltrúar í kjörstjórn hafi ekki fengið þóknun fyrir störf sín.

Hann lagði fram tillögu um að fulltrúum í kjörstjórn verði greitt til jafns við skoðunarmenn félagsins eða sem samsvarar einum mánaðarlaunum stjórnarmanns á ári.

Samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:45